

Dómsmálaráðherra getur heimilað fleiri aðilum aðild að umferðarmálaráði. Hann skipar formann umferðarmálaráðs. Störf í umferðarmálaráði eru ólaunuð.

5. gr.

Innan umferðarmálaráðs skal starfa þriggja manna framkvæmdanefnd, sem dómsmálaráðherra skipar til eins árs í senn, og skiptir ráðherra störfum með framkvæmdanefndarmönnum eftir því sem þurfa þykir.

Dómsmálaráðherra ákveður þóknun framkvæmdanefndar, en hún getur ráðið sér nauðsynlegt aðstoðarfólk með heimild ráðherra. Um kostnað af störfum nefndarinnar að öðru leyti skal gera áætlun, sem sendist ráðuneytinu til staðfestingar, svo og árleg reikningsskil.

6. gr.

Framkvæmdanefnd skal vinna að gagnasöfnun, tillögugerð og öðrum undirbúningi mála, sem umferðarmálaráð fjallar um. Hún hefur einnig eftirlit með starfsemi þeirri, sem unnin er á vegum þess.

7. gr.

Fundir í umferðarmálaráði skulu að jafnaði haldnir eigi sjaldnar en einu sinni í mánuði, en fundir í framkvæmdanefnd svo oft sem þörf er á.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. janúar 1969.

Jóhann Hafstein.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

um fasteignaskatt í Eyrarhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.

Fasteignaskatt samkvæmt 3. gr. laga nr. 51 10. júní 1964 skal innheimta með 150% álagi í Eyrarhreppi, N.-Ísafjarðarsýslu.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 10. júní 1964, 5. gr., til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. janúar 1969.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Gunnlaugur Þórðarson.